

Vélsm. 
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL
SNÆFELLSBÆ

322. tbl - 7. árg.

4. október 2007



SPARISJÓÐURINN
Ólafsvík

Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001
www.spo.is

V.I.f. Snæfellsbæjar flytur

Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar bauð gestum og gangandi upp á kaffiveitingar s.l. mánudag. Tílfnið var að fagna flutningi Verkalýðsfélagsins í nýtt húsnæði að Ólafsbraut 19 í Ólafsvík en fyrra heimilisfang félagsins var að Ólafsbraut 44 þar sem að félagið hefur verið til húsa frá stofnun árið 1997. Fjöldi gesta lagði leið sína í kaffi og mátti sjá ýmis andlit sem voru eða eru í trúnaðarstörfum fyrir Verkalýðsfélagið. Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar varð til þegar verka-

lýðsfélagið Afturelding á Hellissandi og verkalýðsfélagið Jökull í Ólafsvík voru sameinuð og þann 9. nóvember n.k. á félagið 10 ára afmæli.

Á næstunni eru fyrirhugaðar frekari sameiningar þar sem að upp í eru hugmyndir um að sameina verkalýðsfélögin í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi í eitt öflugt félag sem getur enn betur haldið utan um réttindi félagsmanna.



Guðrún Friða Pálsdóttir formaður Verkalýðsfélags Snæfellsbæjar og Guðbjörg Jónsdóttir ritari félagsins við opnun nýja húsnæðisins.

Hjarðartún 2 Ólafsvík.

Heimili fasteignasala kynnir til sölu mikið endurbætta 4ra herbergja 90 fm neðri sérhæð. Þrjú góð svefnherbergi, nýlegt eldhús. Útgangur úr stofu á sólpall í suðri. Húsið stendur á stöndur á stórrí hornlôð við Grunnskólann, sundlaugin og íþróttavöllinn. Auðveld kaup.
V. 6,0 m. Áhv 3,8m.

Allar nánari upplýsingar á skrifstofu 5306500



HÚS TIL SÖLU

Ólafsbraut 2 „Stakkholt“



103 fm. bárujárnsklætt timburhús á tveimur byggt árið 1928. Neðri hæð skiptist í forstofu, hol, baðherbergi, eldhús, stofu og eitt svefnherbergi. Í risi eru þrjú svefnherbergi. Parket er á holi, stofu og eldhúsi. Flísar á forstofu og baðherbergi. Nýleg innrétting er í eldhúsi. Nýlegir gluggar eru í húsinu og húsið er nýlega klætt að utan.

Verð tilboð.

Sjá myndir og nánari upplýsingar um eignina og aðrar eignir á skrá á heimasíðu fasteignasöluunnar: fasteignsnae.is

Á Fasteignasölu Snæfellsness eru öll störf ummin af löggiltum fasteignasala sem tryggir öryggi í viðskiptum.

Fasteigna- og skipasala Snæfellsness
Pétur Kristinsson, hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali.
Sími 438-1199, netfang pk@simnet.is
Heimasíða: fasteignsnae.is

Prentsmiðjan Steinprent verður lokuð dagana 5. - 9. október vegna ferðalaga starfsfólks.



Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?

Logar viðvörðunarljós í mælaborði?

Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir
- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda
- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ
Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is

Þín verslun

Nýtt kjöttílböð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.

Verslunin Kassinn ehf.
Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346
meil. kassinn@thinverslun.is

Tungumáladagur á Kríubóli



Haldinn var hátíðlegur Evrópski tungumáladagurinn auk Kína á leikskólanum Kríubóli þann 26. september s.l. Hin ýmsu lönd og tungu-

mál voru kynnt fyrir börnunum og að auki fengu þau að bragða á mat sem tengist ýmsum löndum.

Prentsmiðjan Steinprent

verður lokuð

dagana 5. - 9. október

vegna ferðalaga starfsfólks.



STEINPRENT

Sandholt 22, Ólafsvík
S: 436 1617 · Fax: 436 1610

Skákstarfið

Nú er vetrarstarfið hjá taflfélagi Snæfellsbæjar að hefjast á sunnudaginn 7. október í Framsóknarhúsinu kl. 20 við hvetjum alla unga sem aldna skákáhugamenn til að mæta.

Það er okkur ánæga að tilkynna að 2 nýir félagar eru gengnir til liðs við okkur. Það

eru þeir Guðlaugur Gauti Þorgilsson og Hrafn Jökulsson betur þekktur sem forseti Hróksins og liðstjóri A-sveitar Fjölnis og gerum við ráð fyrir að þeir eigi eftir að mæta til okkar í vetur með kennslu.

Stjórnin

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



SNÆFELLSBÆR

Þar sem jökullinn ber við loft...

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ - 173. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 4. október 2007 og hefst hann í Félagsheimilinu Röst kl. 17:00.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 192. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 19. september 2007
- 2) Fundargerð 17. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 26. september 2007.
- 3) Fundargerð 10. fundar Pakkhúsnefndar, dags. 27. ágúst 2007.
- 4) Fundargerð 34. og 35. fundar íþróttá- og askulýðsnefndar, dags. 29. ágúst og 13. september 2007.
- 5) Fundargerð 40. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 27. ágúst 2007.
- 6) Fundargerð 745. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. ágúst 2007.
- 7) Frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi; ályktanir aðalfundar SSV 20. september 2007.
- 8) Frá Svæðisráði málefna fatlaðra á Vesturlandi; ályktanir aðalfundar 19. september 2007
- 9) Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 24. september 2007, varðandi stækkun friðlandsins í Búðarhrauni
- 10) Bréf frá Upplýsinga og kynningamiðstöð Vesturlands, dags. 14. september 2007, varðandi styrk til rekstrarins á árinu 2008.
- 11) Bréf frá Menntamálaráðuneytinu, dags. 28. ágúst 2007, varðandi ósk Ungmennafélagsins Trausta á að selja félagsheimilið Snæfelli á Arnarstapa.
- 12) Bréf frá Gróðurverndarnefnd Héraðsnefndar Snæfellinga, dags. 24. september 2007, varðandi gróðurvernd.
- 13) Bréf frá Slysavarnadeild Helgu Bárðardóttur, dags. 1. september 2007, varðandi athugasemdir Kjartans Benediktssonar umferðarfulltrúa til bæjarstjórnar um slysavarnarefirlit á Hellissandi og öryggismál við Rifshöfn.
- 14) Bréf frá Slysavarnarfélaginu Landsbjörg og fleirum, dags. 24. september 2007, varðandi könnun á öryggi barna fyrir utan leikskóla landsins.
- 15) Bréf frá Menntamálaráðuneytinu, dags. 21. september 2007, varðandi gjaldtöku af nemendum vegna vettvangsferða.
- 16) Bréf frá Fulltingi ehf., dags. 25. september 2007, varðandi frestun skipta-fundar hjá Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum.
- 17) Bréf frá Lionsklúbbunum í Ólafsvík, dags. 20. september 2007, þar sem þakkað er fyrir aðstoð og stuðning er Fjöllumdæmisþing Lions var haldið í Ólafasvík 18. - 19. maí sl.
- 18) Bréf frá Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 28. september 2007, ásamt skýrslu vinnuhóps um ávinning og aðgerðir stjórnvalda til að lækka kostnað við hitun íbúðarhúsnæðis.
- 19) Afrit af bréfi bæjarstjórnanna í Snæfellsbæ, Grundarfirði og Stykkishólmi, dags. 18. september 2007, til ríkisstjórnar Íslands með tillögum um aðgerðir til að mæta samdrætti í úthlutuðum aflaheimdum á Snæfellsnesi.
- 20) Bréf frá Landsskrifstofu Staðardagskrár 21 á Íslandi, dags. 25. september 2007, þar sem boðin er ráðgjöf vegna Staðardagskrár 21.
- 21) Bréf frá Lýðheilsustöð, dags. 25. september 2007, varðandi 9. norrænu lýðheilsuráðstefnuna 10. - 13. júní 2008 í Svíþjóð.
- 22) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 2. október 2007

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæ

Smáauglýsing

Til leigu

Til leigu 2ja herbergja einbýlishús með bílskúr
Mýraholt 6a Ólafsvík
Uppl. í síma 660-7731



HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · ☎ 436 1362

PIZZUTILBOÐ ALLA DAGA
Afsláttur á Bland í poka á laugardögum

Boltinn

Víkingar enduðu fótbolta-
sumarið í 10. sæti fyrstu
deildar karla eftir að hafa gert
0-0 jafntefli gegn Stjörnunni
og tapað 1-0 gegn Leikni R í
síðustu umferðum deildar-
innar. Víkingar enduðu með
20 stig eins og Stjarnan en
með lakara markahlutfall.
Sigurvegari deildarinnar varð
Grindavík en Þróttur R. varð í
öðru sæti með jafn mörg stig

eða 47, Grindavík, Þróttur og
Fjölnir flytjast því upp í efstu
deild að ári en hinsvegar
mun Reynir S. falla niður í 2.
deild.

Víkingur R. fellur úr efstu
deild niður í 1. deild eftir
stutta veru í efstu deild og
því munu Víkingar úr Reykja-
vík og Víkingar úr Ólafsvík
eigast við næsta sumar.



FASTEIGNASALA
SNÆFELLSNESS

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Getraunir

Strákarnir á Gunnari
Bjarnasyni sigruðu Deloitte
með 10 réttum á móti 8 rétt-
um. Deloitte skorar á Gústa-
lagnir. Um síðustu helgi
byrjuðu 12 hópar í hópleikn-
um, enn er hægt að skrá sig
og vera með í skemmtileg-
um leik.

Víkingur er sem stendur í
15 sæti yfir söluhæstu félög á
landinu vonandi tekur fólk

vel við sér til að félagið fari
ögn hærra á þessum lista,
þennan lista er hægt að sjá á
síðu 389 í textavarpinu.
Opið á skrifstofu félagsins að
Norðurtanga 1 frá 10.30 til
13.00 á laugardag.

Heitt kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur
Stjáni Tótu.

 **KÆLIVER** ehf
S:530-3100



Vöruafgreiðsla að Norðurtanga 1

Sími 431 5613 - 895 5613 - 899 5613 - 899 5624 - netf. vorur@simnet.is



Öryggi alla leið

Vöruafgreiðsla að Skútuvogi 8

Við útvegum akstur innanbæjar í Reykjavík

Ferðir alla virka daga frá Norðurtanga 1 í Snæfellsbæ kl. 10
og frá afgreiðslu að Skútuvogi 1 í Reykjavík kl. 17

Heimsókn í Afdrep



Svæðisskrifstofa mál-
efna fatlaðra á Vestur-
landi rekur skammtíma-
vistun á Gufuskálum.
Um síðustu helgi fóru
krakkarnir sem dvelja á
Gufuskálum í heimsókn
í Félagsmiðstöðina Af-
drep, þar tóku krakk-
arnir í félagsmiðstöðinni
á móti þeim og eftir að
búið var að spreita sig á ýms-
um leikjum t.d. þithokky og
billjard sungu þau Jón Hauk-
ur, Guðrún Kolbrún, Alda
Dís og Hafrún fyrir krakk-



ana. Þessari ánægjulegu
heimsókn lauk svo með því
að allir gæddu sér á vöfflum
og gosi í boði gestanna frá
Gufuskálum.



Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is



Haustmarkaður

verður haldinn í Norska húsinu
í Stykkishólmi n.k. laugardag kl. 13-16.

Brauð, kökur, sultur, fiskmeti, grænmeti
og ýmislegt fleira verður þar á boðstólum.

Komið og gerið góð kaup
á ekta heimagerðu góðgæti.

Norska húsið

Ólafsvíkurkirkja



Sunnudagaskóli

nk. sunnudag kl. 11.00

Allir velkomnir

Sóknarprestur



Öflugt internet í Ólafsvík

ADSL2+
með allt að
18MB/s
á góðu verði.

**Viðgerðir á tölvum,
uppsetning á hugbúnaði og
vírsvörnum.**

Allt í næsta nágrenni.

TSC
Tölvur og fjarskipti
Grundargötu 50, 350 Grundarfirði
Sími 430 8040

Ingjaldshólskirkja

SUNNUDAGINN 7. OKTÓBER

Sunnudagaskóli kl. 11.00.

Góðir gestir koma í heimsókn

**Komum í hús Drottins
til bænar og þakkargjörðar.**

Sóknarprestur.

